



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 11. febrúar 2020

Efni: Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um innviðaupbyggingu og markaðssetningu hafnarinnar í Þorlákshöfn, 61. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar framkominni tillögu. Stjórn telur mikilvægt að skipa starfshóp til að móta stefnu um hvernig standa megi að innviðaupbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn svo að höfnin geti enn frekar vaxið sem inn- og útflutningshöfn. Starfshópnum er ætlað að vinna tillögu um hvernig bæta megi og auka öryggi og dýpi í og við innsiglingu í höfnina. Loks að hann komi fram með tillögur um hvernig bestum árangri verði náð í markaðssetningu hafnarinnar innan lands og utan. Stjórn minnir á að Sveitarfélagið Ölfus hefur látið vinna forhönnun á breytingum sem gera myndi höfninni mögulegt að taka á móti skipum sem eru 180 metra löng og 34 metra breið. Vitað er af áhuga til að sigla slíkum farþegaferjum reglulega milli Þorlákshafnar og hafna bæði í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Mikilvægt er því að meðal verkefna starfshópsins verði einnig að kynna sér þessar forsendur og tryggja fjármögnun til slíkra framkvæmda. Loks er áréttuð nauðsyn þess að heimamenn eigi fulltrúa í starfshópnum.

Stjórn SASS hvetur til þess að þingsályktunin verði tekin til afgreiðslu og samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 7. febrúar 2020
Tilvísun: 2020010190
FGI/GPM/MVJ/Beð
Tilv. ykkar: 61. mál

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um innviðaupbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn

Vegagerðin telur jákvætt að stofnaður verði starfshópur til þess að móta stefnu um hvernig haga skuli vinnu við innviðaupbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn til framtíðar með tilliti til inn- og útflutnings.

Vegagerðin hefur hafið vinnu við frumrannsóknir í samstarfi við hafnaryfirvöld í Þorlákshöfn um breytingar á höfninni til þess að hægt sé að taka við skipum allt að 180 m löngum og 35 m breiðum. Vinnan fellst í því að gert er hafnalíkan fyrir öldur fyrir Þorlákshöfn og breytingar á hafnamannvirkjum skoðaðar með tilliti til ókyrrðar innan hafnar og framan við viðlegukanta. Núverandi ástand er skoðað og metið miðað við breytingar á hafnarmannvirkjum.

Rannsóknirnar miða að því að bæta aðkomu stærri skipa til hafnarinnar og einnig verða gerðar tillögur að framtíðarskipulagi hafnarinnar þannig að hún geti þróast til þess að taka á móti stærri og fleiri skipum en mögulegt er í dag.

Virðingarfyllt,

Magnús Valur Jóhannsson
framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs